

Vestmannaeyjabær  
Dagný Hauksdóttir  
Tangagötu 1  
900 Vestmannaeyjar

Reykjavík, 29. febrúar 2024  
UST202402-056/A.B.  
10.04.00

## **Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 - Stækkun og breytingar á Vestmannaeyjahöfn**

Vísað er til erindis skipulags- og umhverfisfulltrúa Vestmannaeyjabæjar er barst 5. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna lýsingar vegna breytingar á aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 vegna stækkunar og breytinga á Vestmannaeyjahöfn

Í greinargerð kemur fram að breytingarnar á höfninni snúa að styttingu Hörgaeyrargarðs, gerð viðlegukants undir Kleifum og uppbyggingu stórskipakants, svokallaðs Brimneskants frá Skansfjöru yfir að Gjábakkafjöru, þar sem hægt verður að taka inn stærri flutningaskip, ekjuflutningaskip, auk farþegaskipa og góð aðstaða mun verða fyrir gáma.

### **Vatnamál**

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun í greinargerð.

Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hafi verið innleidd með gerð vatnaáætlunar. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan sé í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar 2022 - 2027 og vill stofnunin benda á vefsíðuna [www.vatn.is](http://www.vatn.is).

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar

við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Öll strandsjárvatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi og að vatnsgæði rýrni ekki. Framkvæmdin er innan vatnshlotsins Dyrhóley að Þorlákshöfn (103-1342-C)<sup>1</sup> og er umhverfismarkmið vatnshlotsins að vera í góðu vistfræðilegu ástandi og í góðu efnafræðilegu ástandi. Umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi og má ástand þeirra ekki hnigna, hvorki tímabundið né varanlega.

Því þarf að fjalla um í greinargerð um hvaða vatnshlot framkvæmdin nær til og setja inn vatnshlotanúmer þeirra. Auk þess þarf að fjalla um umhverfismarkmið fyrir vatnshlotið og hvert er núverandi ástand þess. Hægt er að nálgast þessar upplýsingar inn á vatnavefsja.<sup>1</sup>

Meta þarf áhrif framkvæmdar á þau vatnshlot sem tengjast henni. Áhrifamatið þarf að uppfylla kröfur laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og breytingar á starfseminni eiga að samræmast markmiðum og kröfum laganna. Starfsemi eða framkvæmdir mega ekki valda því að vatnshlot nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir þau.

Til þess að hægt sé að leggja mat á hvort að starfsemi og framkvæmdir hafi áhrif á vatnshlot þarf að fara fram mat á áhrifum á gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir vatnshlotin.

Slík áhrifamat þarf að fjalla um:

- Skýran tilgang með matinu þ.e. að það er unnið til að meta áhrif starfsemi/framkvæmdar á umhverfismarkmið vatnshlotanna og hvort hætta sé á að ástand þeirra rýrni miðað við núverandi stöðu.
- Fjalla um vatnshlotin sem um ræðir, stöðu þeirra (óflokkað/ flokkað?) og fleira ef þarf. Fjalla þarf bæði um vatnshlot verða fyrir beinum sem og óbeinum áhrifum vegna framkvæmdarinnar. Fjalla um þá gæðapætti í strandsjó sem notaðir eru til ástandsflökkunar og hvernig starfsemin/framkvæmdin hefur áhrif á þá gæðapætti (sjá vatnaáætlun og [www.vatn.is](http://www.vatn.is)).
- Gera þarf áætlun um að staðfesta ástand áður en framkvæmdir hefjast.
- Fjalla um hvort að umhverfismarkmið munu nást eða ekki.
- Umfjöllun um hugsanlegar mótvægisaðgerðir til að bæta úr ástandi (ef það er hætta á því að ástand versni eða ef að vatnshlotið nær ekki umhverfismarkmiðum vegna framkvæmdarinnar) og hvort þær mótvægisaðgerðir dugi til að upphefja ástandið í fyrri stöðu.

Meta þarf hvaða gæðapættir eru líklegir til að verða fyrir áhrifum umfram aðra. **Ef að framkvæmdin hefur þau áhrif að einhver þeirra gæðapátta sem verða fyrir áhrifum af framkvæmdinni fellur um ástandsflokk þá fellur vatnshlotið á umhverfismarkmiðum.** Að uppfylltum skilyrðum 18. gr. laga um stjórn vatnamála er hægt að óska eftir heimild Umhverfisstofnunar til breytingar á vatnshloti í samræmi við 18. gr. laga um stjórn vatnamála.

---

<sup>1</sup> <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/103-1342-C>

## Hraun

Umhverfisstofnun bendir á að skipulagssvæðið er í jaðri Eldfellshrauns sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðingabæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um hraunið í tillögunni og hvort framkvæmdir munu valda raski á því. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauninu þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á því og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

## Náttúruminjaskrá

Í greinargerð kemur fram að á skipulagssvæðinu eru tvö svæði á náttúruminjaskrá og nefnast þau Helgafell og Eldfell, Eldfjöllin bæði, hluti af nýja hrauninu og Flakkarinn við Skans og svæðinu lýst sem stórfenglegu landslagi og fræðandi um myndun og mótun lands (*Matsspurning: Raskar framkvæmdin ásynd frá þéttbýli, náttúruverndarsvæðum eða fjölförnum stöðum/leiðum?*) og svo Ystikleitur sem nýtur verndar vegna fuglabyggðar (*Matsspurning: Raskar uppbyggingin sérstæðu dýra- og plöntulífi á landi eða í sjó?*).

Því þarf að fjalla um þessi svæði og hvort skipulagið muni hafa áhrif á verndargildi þessara svæða.

## Loftslagsmál

Einnig vill Umhverfisstofnun benda á aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum<sup>2</sup> sem er hugsuð sem tæki sem stjórnvöld geta notað til að draga úr notkun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi til að tryggja að Ísland nái markmiðum Parísarsamningsins og kolefnishlutleysi árið 2040.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að uppfærð útgáfa kom út í júní 2020 og er áætlun um aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030.

Ein aðgerðin snýr að skipum og höfnum.

Auk þess vill stofnunin benda á áætlun stjórnvalda um loftgæði sem nefnist *Hreint loft til framtíðar - áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029* þar sem markmiðið er að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi.

Áætlunin, sem gefin var út árið 2017, hefur það að meginmarkmiði „að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi“ en leiðarljós er: „að almenningur á Íslandi búi við hreint og heilnæmt

<sup>2</sup> <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Adgerdaaetlun%20i%20loftslagsmalum%20onnur%20utgafa.pdf>

*andrúmsloft og að komandi kynslóðir megi njóta sömu eða betri loftgæða og þær sem nú byggja landið”.*

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

***sérfræðingur***

Rakel Sæmundsdóttir

***sérfræðingur***